


Nr.: GÁT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 06		
Dags: 29.05.2009		
Höfundur: GLÁ		
Sampykkt: HJS		
Síða 1 af 3	ÍSLENSKA 503 Kennsluáætlun vorönn 2010	

Nöfn kennara:	Benedikt Bragason, Kristín Árnadóttir, Þórdís H. Jónsdóttir	Sk.stöfun:	BEB, KRÁ, ÞHJ.
----------------------	--	-------------------	-----------------------

Áfangalýsing:


Í áfanganum kynnast nemendur íslenskri bókmenntasögu 20. aldar og fyrstu árum 21. aldar í samhengi við strauma og stefnur í þjóðfélags- og menningarmálum bæði hérlendis og erlendis á sama tímasteiði. Nemendur kynnast helstu höfundum á þessum tíma, lesa verk eftir þá, glöggva sig á inntaki bókmenntaverkanna og skoða erindi þeirra við eigin samtíma, nútímann. Nemendur vinna skrifleg og munnleg verkefni í tengslum við efni áfangans.

Áfangamarkmið

Nemandi

- öðlist innsýn í bókmenntasögu 20. aldar
- átti sig á áhrifum erlendra menningarstrauma á íslenskar bókmenntir 20. aldar
- þekki helstu hugtök sem tengjast bókmenntastefnum 20. aldar
- geri sér grein fyrir hlutverki bókmennta í samfélaginu og áhrifum þeirra á einstakling og samfélag
- geti gert grein fyrir nokkrum helstu höfundum og verkum tímabilsins
- lesi ljóð nokkurra höfunda 20. og 21. aldar og átti sig á listrænum einkennum þeirra
- lesi smásögur frá tímabilinu og átti sig á listrænum einkennum þeirra
- lesi skáldsögur sem endurspeglar ólíkar bókmenntastefnur og átti sig á listrænum einkennum þeirra
- þekki bragarhætti og kunni að lesa úr myndmáli og stílbrögðum ljóða
- geti greint málfarsleg einkenni mismunandi stíls og atriði sem lúta að framsetningu máls
- vinni undir leiðsögn kennara að bókmenntakynningum sem fela í sér greiningu bókmenntatexta, upplýsingaöflun og lestur fræðitexta

Lota 1	Námsefni	Verkefni
7.01.- 29.01.	Kynning áfangans Bókmenntir og samfélag. <i>Sögur, ljóð og líf</i> (SLL) bls. 11-20 Borgarmenning í vöggu (SLL bls. 20-51 og textahefti f. ÍSL 503). Fjallað um þekktustu skáld á árunum 1900-1920. Auk þess verða rifjuð upp og fjallað um atriði sem lúta að greiningu ljóða, táknmál þeirra og myndmál. Einnig verður fjallað um bókmenntasögu tímabilsins 1920-1930 og vikið að helstu höfundum tímabilsins og verk þeirra skoðuð. Hafinn lestur á <i>Tímar í lífi þjóðar</i> .	Ljóðaverkefni 5%


Nr.: GÁT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 06		
Dags: 29.05.2009		
Höfundur: GLÁ		
Sampykkt: HJS		
Síða 2 af 3	ÍSLENSKA 503 Kennsluáætlun vorönn 2010	

Lota 2 01.02.- 19.02	Frá kreppuárum að köldu stríði (SLL bls. 55-82, textahefti f. ÍSL 503 og <i>Tímar í lífi þjóðar</i>). Fjallað um bókmenntasögu árána 1930-1950 og helstu höfunda þess. Farið verður í grunnatriði skáldsagnagreiningar auk þess sem verkið <i>Tímar í lífi þjóðar</i> eftir Indriða G. Þorsteinsson, verður krufið og rætt.	Krossapróf og verkefni úr <i>Tímar í lífi þjóðar</i> 15%
Lota 3 22.02.- 12.03.	Kalda stríðið að stúdentaóeirðum (SLL bls. 85-120 og textahefti f. ÍSL 503) Farið verður í bókmenntasögu árána 1950-1970 og helstu höfunda. Einkenni smásagna verða rifjuð upp auk þess sem smásögurnar í textaheftinu verða lesnar (bls. 15-51).	Verkefni úr smásögum 5%
Lota 4 15.03.- 30.04.	Frá stúdentauppreisn til aldarloka (SLL bls. 123-153, textahefti f. ÍSL 503) Drepið verður á helstu atriði árána 1970-2000, helstu stefnur og höfunda. Nemendur velja skáldverk frá síðari árum og vinna með þau. (Ath. páskafrí er hér inni)	Verkefni úr nútímabókmenntum 15%

Tegund	Námsgögn
Bækur	<i>Sögur, ljóð og líf</i> e. Heimi Pálsson; <i>Tímar í lífi þjóðar</i> e. Indriða G. Þorsteinsson Skáldsögur að eigin vali; <i>ÍSL 503 – Textahefti</i> (Ljósrit VMA)
Myndbönd	Eftir atvikum
Ljósrit	Ýmis konar ítarefni eftir atvikum
Geisladiskar	Ljóðalestur og annar flutningur á verkum frá tímabilinu

Námsmat	Lýsing	Vægi
Skriflegt	a) Ljóðaverkefni í lok 1. lotu b) <i>Tímar í lífi þjóðar</i> í lok 2. lotu c) Smásögur í lok 3. lotu d) Lokapróf	5% 15% 5% 60%
Munnlegt	Verkefni í nútímabókmenntum í lok 4. lotu	15%
Annað	Lágmarkseinkunn á lokaprófi verður að vera 4.5 til að verkefni og próf á önninni fáist metin	

Dagsetning:

Nr.: GÁT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 06		
Dags: 29.05.2009	ÍSLENSKA 503 Kennsluáætlun vorönn 2010	
Höfundur: GLÁ		
Samþykkt: HJS		
Síða 3 af 3		

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj. eða staðgengils